

- tillögurnar til kynningar. Ennfremur verður að geta tillagnanna í fundarboði. Miði tillaga að aukningu réttinda, sem ætla má að haft geti áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris, skal fylgja tryggingafræðileg úttekt á afleiðingum breytingarinnar á gjaldhæfi sjóðsins. Breytingartillögu, sem skert getur stöðu sjóðsins svo hann fullnægi ekki lágmarkskröfum, samkvæmt samningi milli ASÍ og VSÍ um lífeyrismál, 12. desember 1995, með síðari breytingum, skal vísað frá ársfundi. Tillögurnar skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins í tvær vikur fyrir ársfund og það auglýst þannig, að sjóðfélögum gefist kostur á að koma að athugasemdum á ársfundi.
- 23.2. Tillaga að breytingum á ákvæðum sem teljast efni kjarasamninga, s.s. um iðgjöld og stjórnskipan sjóðsins, þ.m.t. ákvæði um hlutverk og skipan fulltrúaráðs og stjórnar, verða einungis teknar fyrir á ársfundi, að fengnu samþykki aðildarfélaga viðkomandi lífeyrissjóðs.
- 23.3. Breytingar á reglugerð þessari taka því aðeins gildi, að þær hljóti samþykki a.m.k. 2/3 hluta fulltrúa í fulltrúaráði á ársfundi og hafi hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins.
- 24. Gildistaka.**
- 24.1. Reglugerð þessi kemur í stað reglugerðar þeirrar, sem gilt hefur frá 1. janúar 1997 og gildir frá 30. júní 1998.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980, staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 30. júní 1998.

F. h. r.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Margrét Gunnlaugsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akraness 1992-2012.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 30. júní 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akraness 1992 - 2012 frá 2. júní 1995.

Breytingin er fólgin í eftirfarandi atriðum: Stofnanasvæði við Laugarbraut eru stækkuð og samsvarandi minnkar íbúðasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akraness. Skipulagsstofnun hefur afgreitt breytinguna og mælir með staðfestingu hennar.

Umhverfissráðuneytinu, 30. júní 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.